

Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.  
Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 12. júní 2002.*

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Anna M. Tómasdóttir** arkitekt.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Bleikjukvísl nr. 10.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar Bleikjukvísl 10 þar sem svæði sem nú er skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í stofnanarsvæði.

Upplýtturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni: kr. 3.900

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross: kr. 4.600

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa og öðlast gildi 1. júlí 2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*